

Áslaugar

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-82/02

Áslaugar fylgja ákveðinni NA-SV línu. Það bendir til tengsla við sprungu eða berggang, en sú er stefna þeirra á þessu svæði. Halli ganganna myndi vera um 85° til vesturs, en sé einungis um sprungu að ræða, er halli hennar óviss. Megintilgangur með beislun lauganna er að ná sem mestu vatni saman í einn eða fáa brunna. Æskilegt væri jafnframt að auka rennslið nokkuð. Eigi vatnið að nást heim sjálfrennandi kemur skv. uppl. Gylfa Ísakssonar til greina að lækka frárennslið um 1 fet í mesta lagi. Kringum laugarnar er sambökuð móhella og líklega jökulleir undir. Óvíst er um þykkt þessara lausu laga, en varla er hún yfir 2-3 m. Beggja megin við laugarnar eru klappir úr straumflögóttu andesíti, afar smákornóttu og seinboruðu með tannhjólakrónu og höggbor.

Tvennt sýnist helst koma til greina við beislun lauganna, annars vegar uppgröftur hins vegar borun.

- 1) Uppgröftur yrði fólgin í því að rísta skurð, allt að 20 m langan eftir endilöngu aðallaugasvæðinu og dæla frá öllu vatni sem í hann safnaðist á meðan unnið væri að frágangi. Heitu vatni sem kæmi upp í skurðbotninn þyrfti að veita saman í brunn einn eða fleiri og ganga þannig frá, að yfirborðsvatn kæmist ekki þar að. Verktaki vanur svona aðgerðum er Úlfar Harðarson á Flúðum í Árnessýslu. Jarðhitadeild treystist ekki til að áætla kostnað við uppgröft og frágang. Með svona aðgerð eru allar líkur á að fullnægjandi árangur fáiast, jafnvæl nokkur aukning á vatnsmagni, a.m.k. ef frárennsli verður lækkað um allt að 1 fet. Með uppgræftri yrði ekki farið niður úr lausu jarðlögunum.
- 2) Með borun yrði reynt að ná heita vatninu neðan við lausu jarðlögin í sjálfri sprungunni eða ganginum sem það leitar eftir upp til yfirborðs. Nú er nokkur óvissa um halla vatnsleiðarans og því æskilegt að sjá við þeirri óvissu með skáborun innundir laugarnar. Vegna hörku bergsins er nauðsynlegt að nota loftbor. Borun með demant yrði dýrari. Jarðborunardeildin treystir sér til að bora holur með 10° halla með bornum Drífanda. Þar yrði um að ræða 4 1/2" holur (um 50 m djúpar) og verð pr. holu miðað við borplan og fóðrun 1 m í klöpp 60.000 kr. Staðsetja þyrfti

1982-03-04


holurnar ekki fjær en 5 m frá laugalínunni. Maður frá Jarðborunar-
deildinni yrði að segja fyrir um undirbúning, borplan og brunn-
fóðringu. Ógerlegt er að segja fyrir um hversu margar holur
þyrfti að bora til að ná fullnægjandi árangri en gizka má á
2-4. Líkur eru á að með þessari aðferð megi auka bæði hita og
sjálfrennsli.

Áður en borun verður ákveðin væri ástæða til að kanna, hvort lípur
skotholubor (3") er tiltækur t.d. hjá Vegagerð Ríkisins. Með slíkum
bor mætti sennilega fá ódýrari holur og meira hallandi, en grennri,
heldur en með bor Jarðborunardeildar. Sama frágang þyrfti varðandi
brunnfóðringu en væntanlega mun minni ofaniburð í borplan. Ef sá
kostur verður valinn að bora, mætti reyna áður að finna með mælingum
halla uppstreymisrásarinnar. Er þá miðað við s.k. segulmælingar.
Aukakostnaður vegna þeirra er smávægilegur (5-10.000 kr.). Unnt
væri að gera mælingarnar með litlum fyrirvara.



JHD - JK - 3509 - GIH
82.02.0216 AA

ÁSLAUGAR Hálsasveit



SKÝRINGAR

● Jarðhiti

□ Þró

15 Númer við jarðhita
76,2° vísa til texta

